

# Lög

## um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (bíllaleigur).

---

### 1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skattskyldum aðilum sem við gildistöku ákvæðis þessa hafa leyfi til að reka bíllaleigu samkvæmt lögum nr. 64/2000, um bíllaleigu, er heimilt við kaup á notuðum fólksbíllreiðum að reikna innskatt af kaupverði bíllreiða sem verða til útleigu, þó svo að virðisaukaskattur hafi ekki verið lagður á við sölu á viðkomandi bíllreiðum til bíllaleigunnar. Innskatturinn skal nema 20,32% af kaupverði bíllreiðar.

Fjöldi keyptra bíllreiða samkvæmt heimild 1. mgr. má ekki vera meiri en 15% af heildarfjölda fólksbíllreiða sem eru í eigu bíllaleigunnar 1. júlí 2010.

Endursala bíllreiða sem um ræðir í 1. mgr. telst til skattskyldrar veltu skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Sundurliða skal í bókhaldi upplýsingar um kaup og sölu bíllreiðanna í samræmi við 9. gr. a reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

Heimild skv. 1. og 2. mgr. gildir til 31. desember 2010.

### 2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 25. mars 2010.*